

**Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.**

Einn megintilgangur þeirra breytinga á lífeyrismálum sem stefnt er að með frumvarpinu og er gerð í kjölfar kjarasamninga milli stéttarfélaga innan ASÍ og Samtaka atvinnulífsins er aukin samræming milli sjóða og hópa sjóðsfélaga.

Samkvæmt núgildandi lögum um lífeyrissjóði hafa einstaklingar töluvert val og sveigjanleika hvað varðar frjálsa séreign og ákvarðanir um ráðstöfun hennar og úttekt. Með þeim breytingunum sem lagðar eru til verður ekki annað séð en að unnið sé gegn sveigjanleika, vali og fjölbreytileika. Mikilvægt er að fyrirhugaðar breytingar á lögum skaði ekki þann sveigjanleika sem er að finna í lífeyriskerfinu í dag.

Lífeyrisréttindi starfsmanna bankanna byggja nú á samningum sem gerðir voru á milli aðila á árunum 1994-1999. Gildandi ákvæðin um 10% í samtryggingu og 7% í séreign eru þannig í kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og Samtök atvinnulífsins (SA).

Lífeyrissjóður bankamanna (Lífbank) rekur ekki séreignasparnaðardeild og hefur til þessa einungis tekið við 10% samtryggingariðgjaldi sjóðfélaga til öflunar lífeyrisréttinda í Aldursdeild. Séreignarhluti iðgjaldsins hefur til þessa farið til vörsluaðila samkvæmt vali hvers sjóðfélaga. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel til mjög vel og ekki skapað vandamál, hvorki vegna innheimtu né annara atriða. Það mun ekki breytast þótt lágmarksiðgjald kunni að breytast, enda fylgist Ríkisskattstjóri með því að launagreiðendur skili lágmarks lífeyrisiðgjaldi samkvæmt lögum. 10% iðgjald sjóðfélaga í Aldursdeild hefur að fullu staðið undir ákvæðum 4. greinar laga 129/1997 um tryggingavernd og 39. greinar sömu laga um tryggingafræðilega stöðu Aldursdeildar Lífbank.

Fari svo að Lífeyrissjóði bankamanna verði get að taka á móti öllu lífeyrisiðgjaldinu og miðla því áfram til annars vörsluaðila mun það fela í sér aukið flækjustig, umstang og kostnað fyrir sjóðinn.

Samkvæmt frumvarpinu má velta kostnaðinum af þessu yfir á sjóðsfélagann. Það felur aftur í sér að ávöxtun minnkar auk þess sem þetta ferðalag á iðgjaldinu kostar tafir og kemur niður á ávöxtun. Það hlýtur alltaf að vera hagstæðara fyrirsjóðfélagann að greiða 3,5% iðgjald beint til valins vörsluaðila þar sem iðgjöld fara beint í ávöxtun og sjóðfélagi losnar við kostnað sem annars leggst á sparnaðinn.

Þessu til viðbótar þyrfti Lífeyrissjóður bankamanna að skila Ríkisskattstjóra upplýsingum um þetta tilgangslitla ferðalag peninga sem þá bætist við núverandi verkefni sjóðsins.

Það er því ljóst að áætlaðar breytingar munu hafa neikvæð áhrif á rekstur Lífeyrissjóðs bankamanna og þá ávöxtun sem hann getur aflað sjóðfélum. Slíkar breytingar mega aldrei verða niðurstaða breytinga á lögum um lífeyrissjóði. Við leggjum því til að fallið verði frá hugmyndum um að séreignahluti iðgjaldsins verði fyrst greiddur í sameignasjóð og að núverandi fyrirkomulag verði óbreytt áfram.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingar taki gildi um næstu áramót. Þarna er að finna margar veigamiklar breytingar á lífeyriskerfinu og sumar flóknar. Við teljum því mjög vanráðið að flýta málinu svona mikið og leggjum til að gildistöku verði frestað um eitt ár og að breytingar taki ekki gildi fyrr en í ársbyrjun 2021.

Ari Skúlason, f.h. stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna.